

Stofnun samvinnufélaga

Nýsköpun í krafti samtakamáttar og samfélagslegra sjónarmiða

- **Drög að námskeiðslýsingu** -

NÁMSKEIÐSLÝSING: STOFNUN SAMVINNUFÉLAGA

Forkröfur	Engar
Tungumál	Íslenska
Umsjón	[Nöfn umsjónaraðila]
Kennsluaðferðir	Fyrirlestrar, verkefnavinna og handleiðsla

Innihald og markmið

Námskeið þetta er unnið í samvinnu við [nöfn aðila] og markmið þess er að veita þátttakendum tækifæri til atvinnu og sköpunar starfa með því að veita þeim aðstoð við hugmyndavinnu og framkvæmd við stofnun samvinnufélags. Umsjónaraðilar bjóða kennslu í mótun viðskiptahugmynda, gerð viðskiptaáætlana, verklegum rekstrarþáttum, fræðslu um starfsemi samvinnufélaga og hugmyndafræði og farið er í gegnum hópavinnu, samhringing og sjálfsstyrkingu í hópum.

Hæfniviðmið

Þekkingarviðmið

Að nemendur

- átti sig á sögu, bakgrunni og hugmyndafræði samvinnuhreyfingarinnar
- læri grundvallaratriði í gerð viðskiptaáætlunar fyrir samvinnufélög
- kynni sérmeiginatriði í upplýsingatækni og hagnýtum rekstrarþáttum (bókhald, markaðssetning, fjárlmál fyrirtækja, stjórnun, skipulag og starfsmannahald og stefnumótun)

Færniviðmið

Að nemendur

- öðlist færni í að vinna í hóp með ólíkum einstaklingum
- náí tökum á grunnhugmyndafræði samvinnuhugsjóninnar og hafi þá hugmyndafræði að leiðarljósi í sínum rekstri
- nýti sér meginverkfæri í hugmyndavinnu og gerð raunhæfrar viðskiptaáætlunar
- geti hagnýtt sér upplýsingatækni og samfélagsmiðla til árangursríkrar markaðssetningar (social marketing)
- geti hagnýtt sér grundvallaratriði meginrekstrarþátta í sínu starfi

Námsmat

Mætingaskylda er í kennsluhluta námskeiðsins.

Nemendur vinna í hópum að stofnun samvinnufélags. Hver hópur skal skila inn viðskiptaáætlun og fá endurgjöf á sína áætlun. Gert er ráð fyrir að hver hópur stofni samvinnufélag og kynni sitt félag í lok kennslutímabils.

Lesefni

Lesefni og annað ítarefni á rafrænu formi.

FRAMKVÆMD KENNSLU

[Nafn umsjónaraðila] hefur yfirumsjón með kennsluverkþætti verkefnisins.

STAÐSETNING KENNSLU

[Staðsetning]

DAGSKRÁ KENNSLULOTA

Í meðfylgjandi töflu má sjá dagskrá kennslulota: [Hér er notað dæmi af tilraunaverkefni Rannsóknaseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst]

	Tímabil	Kennsla / verkefnavinna / helstu vörður	Kennari
Janúar/Janúarnú arr	7 - 8	Kennsla: Samskiptafærni (2 dagar)	Sigríður Arnardóttir
	9 - 11	Kennsla: MySchool, Upplýsingatækni: Word og Excel, PowerPoint, Prezi, gerð kynningarefnis, Social media, vefurinn (3 dagar)	Árni Sverrir Hafsteinsson
	14 - 15	Kennsla: Markaðssetning - grunnatriði, samfélagsmiðlar (2 dagar)	Sigríður Arnardóttir
	21-22	Kennsla: Gerð viðskiptaáætlunar fyrir samvinnufélag (2 dagar)	Jón Freyr Jóhannsson
	18-31	Nemendur vinna sjálfstætt að mótun viðskiptaáætlunar	
Febrúar	1-10	Nemendur vinna sjálfstætt að mótun viðskiptaáætlunar	
	11	Milliskil á viðskiptaáætlunum til kennara	
	15-28	Lagfæringar og fullvinnsla viðskiptaáætlunar og undirbúningur kynningar	
Mars	1	Nemendur kynna viðskiptaáætlun fyrir stofnun samvinnufélags	
	6-7	Kennsla: Bókhald og bókfærsla - grunnatriði (2 dagar)	Þórir Páll Guðjónsson
	11-12	Kennsla: Fjármál fyrirtækja - grunnatriði (2 dagar)	Einar Þorvaldur Eyjólfsson
	8-22	Nemendur vinna sjálfstætt	
	24-31	Páskafri	
Apríl	2-3	Kennsla: Stjórnun, skipulag og starfsmannahald (2 dagar)	Geirlaug Jóhannsdóttir
	4	Kennsla: Stefnumótun - framtíð samvinnufélaga (1 dagur)	NN
	15	Formleg stofnun samvinnufélaga	
	16-30	Hópar vinna að stefnumótun og skipulagi fyrir samvinnufélög sín	
	30	Samvinnufélögin kynna stefnu og skipulag (málþing) - Kennslu lýkur formlega	

Kennslu lýkur formlega í [mánuður] og stefnt er að því að halda málþing þar sem samvinnufélög kynna stefnu sína, skipulag og starfsemi.

KENNSLUKERFI OG FORM KENNSLU

Kennslukerfið [nafn fjarnámskerfis] myndar ramma utanum kennsluna, sem verður fyrst og fremst í formi staðnáms og einkennist af innleggjum kennara ásamt hagnýtum verkefnum sem nýtast þátttakendum í sinni vinnu við mótun hugmynda og stofnun samvinnufélags.

Hins vegar munu kennarar taka upp allar kennslustundir og upptökur að kennslustundum verða settar inn á [nafn fjarnámskerfis] (sem þátttakendur geta hlustað á eins oft og þau vilja), ásamt glærum, hagnýtum verkefnum og öllu lesefni. Þátttakendur munu jafnframt skila afurðum verkefnis inná [nafn fjarnámskerfis]. Einnig er [nafn fjarnámskerfis] samskiptavettvangur milli þátttakenda og kennara.

NÁMSGÖGN

Öll námsgögn eru á rafrænu formi eða útprentuð/ljósrituð eftir aðstæðum. Þátttakendur þurfa því ekki að fjárfesta í námsbókum eða annars konar námsefni.

Gert er ráð fyrir því að þátttakendur komi með eigin fartölvur til að vinna á í kennslustundum. Ekki er unnt að útvega eða lána tölvur til þátttakenda.

Allar nánari upplýsingar um kennslufyrirkomulag veitir..... []

VERKEFNAVINNA Á MILLI KENNSLUPÁTTA

Gert er ráð fyrir að þátttakendur vinni sjálfstætt á milli kennslulota og skipuleggi sína vinnu sjálf.

FAGLEG AÐSTOÐ, RÁÐGJÖF OG HANDLEIÐSLA

Þátttakendur geta fengið ráðgjöf og handleiðslu en hverjum hóp stendur til boða að fá a.m.k. eitt viðtal í hverjum mánuði (1 klst.) hjá ráðgjafa á meðan á verkefninu stendur.

[Nafn ráðgjafa og hvar hægt er að finna hann/hana]

GETUR MINN HÓPUR FENGIÐ VINNUAÐSTÖÐU?

Ekki er gert ráð fyrir að útvega vinnuástöðu fyrir þátttakendur á milli kennslulota. Hægt er að fá hópvinnuherbergi lánuð á Þjóðarbókhöfðu:

<http://landsbokasafn.is/index.php/bokasafnid/thjodarbokhladan/vinnuadstada>

HUGMYNDABANKI OG GAGNLEGIR TENGLAR

- **Almennar upplýsingar um samvinnufélög** (<http://2012.coop/en>): Hér má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um hugmyndafræði samvinnufélaga og mismunandi tegundir samvinnufélaga (á ensku).
- **Conventus cooperative training** (<http://www.conventuscoop.eu/>): Samstarfsverkefni aðila í fimm löndum (Ísland, Svíþjóð, Finnland, Ítalía, Pólland) er miðar að því að búa til lærdómsmódel fyrir stofnendur, starfsmenn, félagsmenn og stjórnendur samvinnufélaga.
- **Sögur af samvinnufélögum um allan heim** (www.stories.coop): Þessi vefur hefur að geyma frásagnir af samvinnufélögum af öllum stærðum og gerðum um allan heim, en markmið þessarar vefsíðu er að (á ensku)
- **Lög um samvinnufélög** (<http://www.althingi.is/lagas/140b/1991022.html>). Hér má finna núgildandi lög um samvinnufélög og stofnun þeirra á Íslandi (á íslensku)
- **Rannsóknir á samvinnufélögum** (www.co-opstudies.org; www.euricse.eu): Hér má finna nýjustu rannsóknir á sviði samvinnufélaga, fyrir þá sem hafa áhuga á slíku (á ensku)
- **Vefsíða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands** (www.nmi.is)
- **Vefsíða Rannsóknarseturs verslunarinnar** (www.rsv.is)
- **Vefsíða Háskólans á Bifröst** (www.bifrost.is)
- **Vefsíða Ríkisskattstjóra** (www.rsk.is)
- **Vefsíða Vinnumálastofnunar** (www.vmst.is)

DÆMI UM ÍSLENSK SAMVINNUFÉLÖG

[Þess má geta að þessi listi er ekki tæmandi, heldur er hér um dæmi að ræða og þá einkum „hin nýrri“ samvinnufélög]

- Klapp kvikmyndagerð – samvinnufélag kvikmyndagerðarfólks: <http://www.klapp.is/>
- NPA-miðstöðin – samvinnufélag fatlaðra um notendastýrða, persónulega aðstoð: www.npa.is
- Byggingarfélagið samtök aldraðra – samvinnufélag sem sér um að byggja íbúðir fyrir félagsmenn
- Hreyfill – Bæjarleiðir – hver þekkir ekki þetta fyrirtæki?: <http://www.hreyfill.is/Is/>

HAFA SAMBAND

[Nöfn tengiliða]